


# Norður og niður
# Down North
# Ner till Norr

Anders Sunna
Andreas Siqueland
Ann Cathrin November Høibo
Anna Líndal
Arngunnur Ýr
Bita Razavi
Christopher Carroll
D'Arcy Wilson
Frida Orupabo
Gideonsson/Londré
Hans Rosenström
Jason Brown aka Firefly
Jessie Kleemann
Joan Jonas
Jordan Bennett
Joshua Reiman
Jóhan Martin Christiansen
Julie Edel Hardenberg
Justin Levesque
Katarina Pirak Sikku
Lauren Fensterstock
Magnús Sigurðarson
Mattias Olofsson
Máret Ánne Sara
Meagan Musseau
Peter Soriano
Ragnar Axelsson, RAX
Reggie Burrows Hodges
Snæbjörnsdóttir/Wilson
SUPERFLEX

# Norður og niður
## Samtímalist á Norðurslóðum

Hver eru þau viðfangsefni, sögur og áskoranir sem listamenn í hánorðri eiga sammerkt – einkum í ljósi þeirra breytinga sem eiga sér nú stað í þessum heimshluta? Sýningin *Norður og niður* inniheldur verk bæði upprennandi og þekktari núlifandi listamanna sem búsett eru á norðvesturströnd Bandaríkjanna, kanadískum strandsvæðum, Íslandi og hinum Norðurlöndunum auk innfædds listafólks frá öllu svæðinu.

Segja má að listafólk sé landkönnuðir nútímans, bæði í landfræðilegum og huglægum skilningi. Þau taka til umfjöllunar áleitin efni og nýta sér tilfinningaleg áhrif listar og frásagnarmöguleika hennar sem hvata til breyttrar heimssýnar. Loftslags- og umhverfisbreytingar, alþjóðavæðing, auk sársaukafullrar sögu nýlenduvæðingar innfæddra þjóða, eru undirrót nýrra listaverka sem takast á við þungan straum áskorana um gjörvallt Norðrið á ólíkum sviðum samfélags, efnahags, stjórnmála og umhverfis. Listafólk tekst líka á við þá blekkingu að Norðrið sé afskekkt auðn og skorar á hólm rómantíska tálmynd af ósnortnu landi og meintri einsleitni samfélaganna. Verkin sem valin hafa verið eru útfærð í alla miðla og rekja sameiginlegar frásagnir á sviði samtímalistar. Þau draga á nýstárlegan máta fram skyldleika og mismun á milli samfélaga og þjóða svæðisins í kringum Norður-Atlantshaf.

Eins og gefur að skilja má greina margs konar viðfangsefni í hverju listaverki en ákveðnir áherslupunktar endurtaka sig þeirra á milli. Flókið og breytilegt samband manns og náttúru endurspeglast í því hvernig listafólk tekur sér ólík hlutverk, meðal annars sem varðmenn, sögumenn og rýnendur. Þau leita leiða til að enduruppgötva hina lifandi náttúru og meta hvernig við lifum í samhljómi við hana eða ekki. Fjölmörg verk eru eftir listamenn sem skoða hvernig loftslagskreppan birtist í norðlægum jöklum og Norður-Atlantshafi. Verk þeirra eru leið til að kanna tengsl mannsins við umhverfið, auka meðvitund, sjá kreppuna fyrir sér og ímynda sér sjálfbærari framtíð. Þá eru verk eftir listamenn sem kanna félagsleg tengsl og vensl við bæði staði og sögu. Þessi verk lýsa bæði persónulegri og alþjóðlegri reynslu, hvernig aðgreinandi og sameiginlegar sögur svæðisins endurspegla hver aðra og vekja upp spurningar um hvað móti og viðhaldi samfélagi.

Líkaminn leikur stórt hlutverk í mörgum verkum á sýningunni. Sum hver eru unnin við óvenjulegar aðstæður á hafi úti (fyrir ofan eða neðan yfirborðið) eða á reginfjöllum, önnur gefa til kynna hvernig líkaminn bregst við og skynjar umhverfið, á meðan enn önnur beina sjónum að líkamanum sjálfum í einstaklingsbundnu, sögulegu og sammannlegu tilliti. Þá er vísað í ótal sagnir, þjóðleg minni og jafnvel persónulegar frásagnir, sem eiga sér upphaf í sögulegu og staðbundnu samhengi en tala til okkar hér og nú í víðari skilningi óháð uppruna eða búsetu.

Á þessari sýningu er gengið út frá því pólhverfa, norðlæga sjónarhorni að Norðrið sé miðja heimsins. Með fyrirfram mótuð viðhorf í huga, og þá rótgrónu afstöðu að Norðrið sé „þarna uppi“ eða á jaðrinum á heimskortinu, snýr verkefnið í heild hlutum á haus. *Norður og niður*, *Down North* og *Ner till Norr* felur í sér leik að því að staðsetja norðurslóðir rétt fyrir neðan Norðurpól. Um leið kallast orðasambandið á við ólíka og rótgróna merkingu í daglegu tali okkar á Íslandi, í Bandaríkjunum og Svíþjóð, þar sem samstarfsstofnanir að baki verkefninu eru staðsettar.

Sýningin *Norður og niður* er unnin í samstarfi Listasafns Reykjavíkur, Portland Museum of Art í Maine-fylki og Bildmuseet í Umeå. Í tilefni hennar hefur verið gefin út vegleg sýningarskrá sem er til sölu í safnverslun. Þar er umfjöllun sýningarstjóra á verkum þátttakenda, auk þriggja greina á ólíkum fræðasviðum sem tengjast umfjöllunarefni verkenna. Sýningin hóf göngu sína í Portland í febrúar 2022, stendur hér í Reykjavík fram yfir áramót og verður svo í Umeå út árið 2023.

# **Down Иorth**
# North Atlantic Triennial

What are the subjects, stories, and challenges that artists in the Arctic region share, in light of the changes happening in this part of the world today? Featuring both emerging and more established artists living today, *Down Иorth* presents art from a cross-section of artists in Iceland, and the Nordic countries, the state of Maine in the U.S., the Canadian Maritimes, including indigenous peoples throughout the region.

Artists are modern-day explorers, both physically and metaphorically speaking, investigating poignant themes and capitalizing on art's emotional impact and narrative potential as a catalyst for change. Climate and environment changes, globalization and a difficult history of colonization of indigenous groups, have generated new works of art that address a cascading series of social, economic, political, and environmental challenges throughout the region. Artists also confront the illusion of the North as a remote wilderness and challenge the romanticized notion of an untouched land and its perceived homogeneity. The selected works, in all media, trace shared narratives in the field of contemporary art, reflecting novel affinities and chasms within societies and among nations around the North Atlantic.

Certainly, traces of multiple themes are at play in each work, but specific focal points repeat themselves among them. The complex and shifting relationship between humankind and nature is underscored in how artists take on various roles as guardians, environmental historians, and explorers, among others, to rediscover the ways in which nature is living and how we live in harmony with it, or a lack there of. Many works are by artists who look into how climate crisis is manifested in the high-latitude glaciers and in the North Atlantic Ocean. Their works become platforms to explore the relations between human and environment, raise awareness, to visualize the crisis and imagine a more sustainable future. Finally, artists examine interpersonal relationships and relational connections to both places and history. Their works speak about both personal and universal experiences, how the region's divided and shared histories mirror each other, and raise questions about what shapes and sustains a community.

The body plays a major role in many of the works in the exhibition. Some are created in unusual conditions at sea (above or below the surface) or on far-away mountains, others indicate how the body reacts and perceives the environment, while others focus on the body itself in individual, historical and collective terms. There are also references to countless narratives, folklore and even personal stories, which have their beginnings in a historical and local context but speak to us here and now in a broader sense, regardless of origin or residence.

This exhibition adopts the circumpolar north perspective to position the North as the center. Thinking about preconceived notions and the ingrained idea of the North being "up there" or peripheral on the world map, the exhibition plays with inverting things or turning them upside down. *Down Иorth*, *Иorður og niður* and *Ner till Иorr* are playful ways to orient the North Atlantic Region – directly below the North Pole. Interestingly, the phrase also possesses alternate meanings in our everyday vernacular in the USA, Iceland and Sweden, where our institutional partners call home.

*Down Иorth* is an art exhibition made in collaboration between three art museums, Reykjavík Art Museum in Iceland, Portland Museum of Art in the state of Maine in the U.S. and Bildmuseet in Umeå in Sweden. On this occasion, an extensive exhibition catalog has been published, which is for sale in the museum shop. The curators reflect on the participants' work and there are also three articles on different academic fields related to the subject matters at play. The exhibition started in Portland in February 2022, will be here in Reykjavík over the new year, and will then be shown in Umeå until 2023.

**Norður og niður –**
**Samtímalist á Norðurslóðum**
Down North – North Atlantic Triennial
**13.10.2022–05.02.2023**

**Listasafni Reykjavíkur**
Reykjavik Art Museum
**Hafnarhúsi**

**Sýningarstjórar** Curators
**Anders Jansson, Jaime DeSimone, Markús Þór Andrésson**


**Þetta verkefni hefði ekki orðið að veruleika nema fyrir veglegan stuðning eftirfarandi**
This project has been made possible with the generous support of the following
**Eimskip**
**Héraðsstjórn Vesturbotns**
Region Västerbotten
**Loftslagssjóður**
Icelandic Climate Fund
**Myndlistarsjóður**
Icelandic Visual Arts Fund
**Norræni menningarsjóðurinn**
Nordic Culture Fund
**Norræna menningargáttin**
Nordic Culture Point
**Samstarfsverkefni Norrænu ráðherranefndarinnar um norðurslóðir**
Nordic Council of Ministers' Arctic Cooperation Programme
**Sendiráð Bandaríkjanna**
Embassy of the United States of America

**Þakkir til** Thanks to
**Frame - Myndlistarmiðstöð Finnlands**
Contemporary Art Finland
**Icelandair**
**Íslandsstofa**
Business Iceland
**Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar**
Icelandic Art Center
**OCA - Myndlistarmiðstöð Noregs**
Office for Contemporary Art Norway
**Sænsk-íslenski samstarfssjóðurinn**
The Swedish-Icelandic Collaboration Fund


**Í tilefni sýningarinnar gefur Listasafn Reykjavíkur út veglega sýningarskrá sem er til sölu í safnverslun**
Reykjavík Art Museum publishes a new and comprehensive catalogue with the exhibition, available in the museum store

**Upplýsingar um leiðsagnir og aðra viðburði á heimasíðu safnsins**
Information on guided tours and other events on museum website

**Stórir og smáir hópar geta bókað sérleiðsögn**
Small or large groups can book private tours

Christopher Carroll

Snæbjörnsdóttir/Wilson

Anna Líndal

REYKJAVÍKUR ART MUSEUM
LISTASAFN
HAFNARHÚS

PORTLAND MUSEUM of ART

BILDMUSEET
UMEÅ UNIVERSITY

**Hafnarhús**
Tryggvagata 17

**listasafnreykjavikur.is**
artmuseum.is

#listasafnreykjavikur
#reykjavikartmuseum